

Nr. 20-018 S 011 Francisca***Slitnar upp og strandar***

IMO nr. 9113214
Útgerð: BOOMSMA SHIPPING - SNEEK,
NETHERLANDS
Smíðaður: Tyrkland, 1997, stál
Fánaríki Holland (NL)
Stærð: 4015 BT
Mesta lengd: 99,4 m
Breidd: x m Dýpt: x m
Vél: MAN-B&W 4900 kW, 1997
Fjöldi skipverja: 11



FranciscaNN

Gögn:
Gögn RNSA

Málið afgreitt á fundi 5. júní 2020 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni og Hirti Emilssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 8. janúar 2020 var flutningaskipið Francisca í höfn í Hafnarfirði. Veður: VSV 18-25 m/sek og talsverð alda.

Skipið lá við Hvaleyrarbakka og upp úr kl. 05:00 hafði skipstjórinn samband við hafnaryfirvöld og óskaði eftir aðstoð þar sem landfestar væru farnar að slitna vegna veðurs. Um kl. 05:30 var kallað í Vaktstöð siglinga frá skipinu og tilkynnt að það hefði slitnað frá bryggju og væri að reka upp í grjótgarð milli Hvaleyrarbakka og Suðurbakka. Björgunarsveitir og dráttarskip voru kölluð út.



Mynd 1 Ferill Franciscu frá bryggju að garðinum



Mynd 2 Francisca á strandstað séð frá Hvaleyrarbakka



Mynd 3 Francisca á strandstað séð frá Suðurbakka

Um kl. 06:00 fór hafnsögumaður um borð í skipið og dráttarbáturinn Hamar kom á vettvang. Ekki tókst að koma taug á milli skipanna og fór Hamar til að aðstoða annað skip í höfninni.

Um kl. 08:15 var búið að koma taugum frá skipinu í dráttarbátana Magna og Hamar og dráttur hófst. Um kl. 08:25 var skipið laust frá garðinum og var það komið að bryggju kl. 08:33 og héldu dráttarbátarnir því að henni meðan gengið var frá landfestum. Um kl. 09:30 var aðgerðum lokið og Francisca við öruggar landfestar við Hvaleyrarbakka.

Ekki kom leki að skipinu en talsverðar skemmdir urðu á bol þess og botni. Francisca fór í slipp til viðgerða í Kaliningrad í Rússlandi.

Við rannsókn kom fram:

- að skipið var ólestað og hafði komið til Hafnarfjarðar kl. 13:15 daginn áður;
- að fram kom hjá skipstjóra að skipið hefði verið sérstaklega vel bundið og haft hafi verið samráð um það við hafnsögumann vegna mjög slæmrar veðurspár;
- að áhöfnin hafði verið á öryggisvakt allan tímann vegna veðursins.

Nefndarálit:

Málið hefur verið skráð.